

Aðalfundur foreldrafélags Brekkubæjarskóla 2025

Haldinn í Þorpinu

Mætt úr stjórn foreldrafélagsins: Kristín, Erna, Steinunn (Martha veik, Ragga kemst ekki)

8 foreldrar

Arnbjörg skólastjóri

Dagskrá fundar skv. Fundarboði

1) Kosning fundarstjóra og fundarritara

Kristín formaður foreldrafélags Brekkubæjarskóla leggur til að Arnbjörg sjái um fundarstjórn og er það samþykkt

Erna fundarritari - samþykkt

2) Skýrsla stjórnar

Kristín formaður foreldrafélags Brekkubæjarskóla fer yfir stjórnina – hverjir hafa setið í stjórn sl. ár:

Erna Valentínusdóttir, varaformaður

Kristín Kötterheinrich, formaður

Martha Lind Róbertsdóttir, meðstjórnandi

Ragnheiður Rún Gísladóttir, gjaldkeri

Steinunn Guðmundsdóttir, meðstjórnandi

Áheyrnarfulltrúi foreldra í skóla- og frístundaráði er Erna en Kristín er til vara

Fulltrúar foreldra í skólaráði eru Erna og Kristín og Ragnheiður er til vara.

Kristín fer yfir fyrirkomulag funda hjá stjórninni.

Auk stjórnarfunda var fundað tvisvar á skólaárinu með með Heiðrúnu Janusardóttur, verkefnastjóra frístunda- og forvarnamála hjá Akraneskaupstað. Þá fundi sitja ásamt Heiðrúnu stjórnir foreldrafélags Brekkubæjar- og Grundaskóla.

Stjórnir foreldrafélaganna hafa einnig verið boðaðar á fundi með skóla og frístundaráði tvisvar á skólaári. Auk þess er áheyrnarfulltrúi foreldra í skóla- og frístundaráði boðaður á fundi þar þegar mál tengd Brekkubæjarskóla eru rædd.

Það sem helst hefur verið rætt á þessum fundum eru framkvæmdir á skólum og skólalóðum, umferðar- og öryggismál umhverfis skólana, mótuneytismál, foreldrarölt, virkt samstarf við skólann.

Foreldrafélagið færði starfsfólki skólans sem kom að uppsetningu Diskóeyjunnar sl. vor blóm á frumsýningu.

Sl. haust var stjórn boðið í skoðunarferð um skólann rétt fyrir skólabyrjun, þar sem enn voru framkvæmdir í gangi og mikið ryk og þess háttar sem fylgir framkvæmdum.

Á haustönn fór foreldrarölt af stað í unglingadeild tengt böllum. Hefur gengið frekar seint og illa að manna – þarf að skoða betur aðferðir við að manna röltið.

Innheimtum félagsgjöld foreldrafélagsins í haust, 2000kr per heimili. Gekk ágætlega. Sendum út könnun varðandi foreldrarölt – fengum 70 svör. Sendum einnig út könnun nýlega varðandi fyrirkomulag aðalfundar.

Kristín fer yfir helstu markmið komandi stjórnar

Skýrsla stjórnar lögð undir fundinn, engar spurningar varðandi skýrslu stjórnar - hún samþykkt

3) Lagabreytingar

Engar lagabreytingatillögur liggja fyrir að þessu sinni

4) Reikningar lagðir fram til samþykktar

Ragnheiður gjaldkeri foreldrafélagsins komst ekki á fundinn, svo Kristín segir frá stöðunni á reikningi félagsins.

Nú eru **172.277kr** inn á bankareikningi félagsins sem hefur verið borinn undir skoðunarmenn reikninga án athugasemda.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um ráðstöfun af þessari upphæð, en leitað verður til starfsfólks skólans um hugmyndir eða fenginn fyrirlesari fyrir foreldrasamfélagið í vor eða næsta haust.

Reikningar foreldrafélagsins samþykktir

5) Stjórnarkjör

Kristín Kötterheinrich og Steinunn Guðmundsdóttir ganga úr stjórn.

Framboð sem hafa borist: Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir, Sylvía Hera Skúladóttir og Helga Björg Prastardóttir býður sig einnig fram á fundinum.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að þær þrjár gangi í stjórn foreldrafélagsins.

6) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Skoðunarmenn reikninga sl. skólaár eru Erla Ösp Lárusdóttir og Pálmi Haraldsson

Erla gefur kost á sér áfram. Kristín Kötterheinrich býður sig einnig fram fyrir næsta skólaár.

Kosning – Erla og Kristín samþykktar með öllum greiddum atkvæðum sem skoðunarmenn reikninga félagsins.

7) Skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði

Kristín fer yfir skólaráð – segir frá hlutverki skólaráðs skv. [reglugerð um skólaráð](#).

Í Brekkubæjarskóla hefur skólaráð fundað að jafnaði einu sinni í mánuði. Þar er farið yfir og rætt ýmislegt er varðar skólann, skólastarfið, húsnæðismál og fleira. Skólaráð fer einnig yfir skóladagatal hvers skólaárs.

Stjórn foreldrafélags Brekkubæjarskóla telur það mjög gott og gagnlegt að fulltrúar foreldra í skólaráði séu einnig í stjórn Foreldrafélagsins, þannig næst góð og gagnleg tenging á milli foreldrasamfélagsins og skólans.

Engar spurningar úr sal varðandi skólaráð - samþykkt

8) Kosning fulltrúa í skólaráð samkvæmt starfsreglum félagsins

Núverandi fulltrúar í Skólaráði Brekkubæjarskóla: Erna Valentínusdóttir og Kristín Kötterheinrich

Erna gefur áfram kost á sér, Kristín ætlar að hætta eftir þetta skólaár.

Helga Björg Þarstardóttir gefur kost á sér

Elísa Valdís Einarasdóttir gefur kost á sér

Helga Björg kosin í skólaráð fyrir næsta skólaár

Elísa Valdís kosin varamaður í skólaráð næsta skólaár.

9) Önnur mál

- Arnbjörg fer yfir stöðu mála í framkvæmdum í skólanum
 - Lyftan ekki alveg tilbúin – var meiri smíða/verktaka vinna eftir við lyftuna en starfsfólk skólans og Akraneskaupstaðar átti von á.
 - Loftgæði ekki góð eins og er vegna þessara framkvæmda (rykmengun)
 - Hafa þurft að senda 5. og 6. bekk heim vegna rykmengunar
 - Flytja 6.bekk á morgun út í íþróttahús tímabundið á meðan framkvæmdum stendur
 - Mötuneytið að fara út í íþróttahús núna næstu daga vegna vinnu við mötuneytið í skólanum
 - Vonast til að hægt sé að byrja strax næsta skólaár þannig að mötuneytið og matsalurinn verði tilbúinn þegar skólinn hefst í haust
 - Börnin munu borða í anddyrinu og undir pöllunum í íþróttahúsinu fram að því.
 - Staðan og hvað er næst – tónmenntastofa og stoðkerfis rýmið er tilbúið, loftræsting reyndar ekki komin í gagnið þar – kemur í gagnið þegar salurinn verður tilbúinn.
 - Flota á 1. hæð í fyrramálið þar sem tónmenntastofan var
 - Listgreinastofur verða tilbúnar í janúar 2026 og þá verður hægt að opna nýja anddyrið
 - Gengið verður inn í heimilisfræði utanfrá vegna framkvæmdanna
 - Körfuboltavöllurinn er mjög illa farinn eftir framkvæmdir, þarf að laga, Arnbjörg búið að koma þessum upplýsingum til Alfreðs hjá Akraneskaupstað
 - Stjórn foreldrafélagsins þarf etv að ýta á þetta líka
 - Svo á eftir að laga stofurnar sem 1., 2. og 3. bekkur eru í núna
 - Ekki komið á tímalínu framkvæmda við skólann (ekki inn í núverandi framkvæmdum)
 - Skólalóð - eftir að klára hana, hjólastóla rampur meðfram skólanum til móts við Kirkjuhol, leiktæki fyrir börn í hjólastól ofl.
 - Arnbjörg ánægð með þær framkvæmdir sem hafa verið gerðar, sérstaklega hvað varðar hljóðvist, lýsingu ofl.

[Type here]

[Type here]

Akranesi 18.mars 2025

Kl 16:30

Fundarritari: Erna Valentínusdóttir

- Varðandi myglu, það var klárlega mygla þar sem listgreinastofur voru vegna þess að það var mikill raki undir gólfplötum.
- Að lokum þakkar Arnbjörg fyrir samstarfið í Brekkubæjarskóla, þar sem þetta er síðasti aðalfundur hennar sem skólastjóri. Hún mun láta af störfum í ágúst og taka við sem formaður Skólastjórafélagsins.
 - Staðan hennar hefur þegar verið auglýst.
- Engar frekari spurningar úr sal.

Fundi slitið kl 17:25

Að loknum fundi er öllum fundarmönnum boðið á fyrirlesturinn

„Fokk me – fokk you“ sem er í boði Akraneskaupstaðar.